

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn  
frá Vigdísi Hauksdóttur um embættismenn.

1. *Hver er heildarfjöldi embættismanna sem starfa hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og stofnunum þess?*

Hjá ráðuneytinu starfa sex embættismenn og níu hjá stofnunum þess. Heildarfjöldinn er því fimmtán.

2. *Skipan hve margra þeirra rennur út á þessu ári og skipan hve margra á ári hverju 2017–2020?*

Á þessu ári verða lögð niður embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar og skipaður verður forstjóri nýrrar stofnunar.

Á árunum 2017–2020 rennur skipunartími embættismanna út eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

	2017	2018	2019	2020
Fjöldi	3	7	0	3

3. *Hve margir embættismenn eru á þessu ári 60–64 ára, 65–66 ára og 67–69 ára og hve margir verða 70 ára á næsta ári?*

Á þessu ári er aldursdreifing eftirfarandi:

60–64 ára eru þrír.

65–66 ára er enginn.

67–69 ára er enginn.

Enginn verður 70 ára á næsta ári.

4. *Hve margir embættismenn starfa sem skrifstofustjórar innan ráðuneytisins án mannaforráða?*

Enginn.